

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur miðvikudaginn 12. október 2016 í máli nr. S-485/2016:

Ákærvaldið

(Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari)

gegn

X

(Jón Bjarni Kristjánsson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var miðvikudaginn 14. september 2016, er höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 18. júlí 2016 á hendur X, kt. [...],[...]í Reykjavík, fyrir neðangreind hegningarlaga brot gegn eiginkonu sinni A og stjúpðætrum sínum B og C, framin í Reykjavík svo sem hér greinir:

A

Brot gegn eiginkonu sinni, A, kennitala [...], framin á heimili þeirra að [...] nema að því er varðar ákærulið 4:

1. Nauðgun, með því að hafa á tímabilinu frá mars 2010 til mars 2016, ítrekað eða allt að nokkrum sinnum í viku, þvingað A til að fróa honum með hótunum og annars konar ólögumætri nauðung, en ákærði hótaði því að stunda kynlíf með C og B, dætrum A, eða henda þeim út af heimilinu, ef hún sinnti honum ekki kynferðislega.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Nauðgun, með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 20. september 2014, þvingað A til að setjast klofvega ofan á sig og hafa samræði við sig um leggöng með hótunum og annars konar ólögumætri nauðung og ekki látið af háttseminni þótt hún bæði hann ítrekað að hætta. Ákærði hótadi því meðal annars að stunda kynlíf með C, dóttur A, ef hún ekki stundaði kynlíf með honum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga.

3. Hótun og kynferðisleg áreitni, með því að hafa sunnudaginn 6. mars 2016, hótad að taka A með valdi og hafa mök við hana í endaparm í kjölfar þess að hún neitað honum um kynlíf.

Telst þetta varða við 233. gr. og 199. gr. almennra hegningarlaga.

4. Brot á nálgunarbandi, með því að hafa á tímabilinu 7. mars til 22. mars 2016 sent A 18 smáskilaboð og hringt í allt að 566 skipti í heimasíma hennar þrátt fyrir að honum væri bannað að setja sig í samband við hana með ákvörðun

lögreglustjórans í Reykjavík frá 7. mars 2016 og úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. R-86/2016 sem staðfestur var af Hæstarétti.

Telst þetta varða við 232. gr. almennra hegningarlaga.

5. Stórfelldar ærumeiðingar, með því að hafa með þeirri háttsemi sem lýst er í ákæruliðum 1-3 ítrekað móðgað og smánað A.

Telst þetta varða við 233. gr. b almennra hegningarlaga.

B

Brot gegn stjúp dóttur sinni, B, kennitala [...]:

6. Kynferðisleg áreitni, með því að hafa ítrekað á árunum 2012-2014 sent B smáskilaboð þar sem ákærði viðhafði kynferðislegt og klámfengið orðbragð.

Telst þetta varða við 199. gr. almennra hegningarlaga.

7. Kynferðisleg áreitni og hótanir, með því að hafa á tímabilinu 6. mars til 21. maí 2016 sent B 59 smáskilaboð þar sem ákærði viðhafði kynferðislegt og klámfengið orðbragð auk þess sem 28 af smáskilaboðunum innihéldu jafnframt hótanir um kynferðisbrot sem voru til þess fallnar að vekja hjá B ótta um líf, heilbrigði og velferð sína.

Telst þetta varða við 199. gr. og 233. gr. almennra hegningarlaga.

8. Hótanir, með því að hafa á tímabilinu 28. mars til 29. maí 2016 sent B 94 smáskilaboð með hótunum um líkamsmeiðingar, líflát og eignarspjöll og voru skilaboðin til þess fallin að vekja hjá henni ótta um líf, heilbrigði og velferð sína og annarra.

Telst þetta varða við 233. gr. almennra hegningarlaga.

9. Brot gegn nálgunarbandi, með því að hafa á tímabilinu 7. mars til 1. júní 2016 sent B 425 smáskilaboð og hringt allt að 330 sinnum í hana, þrátt fyrir að honum væri bannað að setja sig í samband við B með ákvörðunum lögreglustjóra frá 7. mars, 4. apríl og 2. maí 2016 og úrskurðum Héraðsdóms Reykjavíkur í málum nr. R-86/2016, R-120/2016 og R-149/2016 sem staðfestir voru af Hæstarétti og einnig með ákvörðun lögreglustjóra frá 30. maí 2016 sem birt var fyrir ákærða að kvöldi sama dags.

10. Brot gegn nálgunarbandi, með því að hafa þriðjudaginn 31. maí 2016 farið inn í anddyrið á stigaganginum að [...] þrátt fyrir að honum væri, samkvæmt ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík frá deginum áður, sem birt var honum sama dag, bannað að koma á eða í námunda við heimilið á svæði sem afmarkast við 50 metra radíus umhverfis heimilið, mælt frá miðju hússins.

Teljast brot sem lýst er í ákæruliðum 9 og 10 varða við 232. gr. almennra hegningarlaga.

11. Stórfelldar ærumeiðingar, með því að hafa með þeirri háttsemi sem lýst er í ákæruliðum 6-8 og að auki með því að senda B 48 smáskilaboð á tímabilinu 30. mars til 18. maí 2016, ítrekað móðgað og smánað B.

Telst þetta varða við 233. gr. b almennra hegningarlaga.

C

Brot gegn stjúp dóttur sinni, C, kennitala [...]:

12. Kynferðisleg áreitni og hótanir, með því að hafa á tímabilinu 29. mars til 21. maí 2016 sent C 17 smáskilaboð þar sem hann viðhafði kynferðislegt og klámfengið orðbragð auk þess sem 14 af skilaboðunum innihéldu jafnframt hótanir um kynferðisbrot sem voru til þess fallnar að vekja hjá henni ótta um líf, heilbrigði og velferð sína.

Telst þetta varða við 199. gr. og 233. gr. almennra hegningarlaga.

13. Hótanir, með því að hafa á tímabilinu 11. apríl til 1. júní 2016 sent C 74 smáskilaboð með hótunum um líkamsmeiðingar, líflát og eignarspjöll og voru hótanirnar til þess fallnar að vekja hjá henni ótta um líf, heilbrigði og velferð sína og annarra.

Telst þetta varða við 233. gr. almennra hegningarlaga.

14. Brot gegn nálgunarbanni, með því að hafa á tímabilinu 7. mars til 1. júní 2016 sent C 184 smáskilaboð og hringt allt að 107 sinnum í hana, þrátt fyrir að honum væri bannað að setja sig í samband við C með ákvörðunum lögreglustjóra frá 7. mars, 4. apríl og 2. maí 2016 og úrskurðum Héraðsdóms Reykjavíkur í málum nr. R-86/2016, R-120/2016 og R-149/2016 sem staðfestir voru í Hæstarétti og einnig með ákvörðun lögreglustjóra frá 30. maí 2016 sem birt var fyrir ákærða að kvöldi sama dags.

15. Brot gegn nálgunarbanni, með því að hafa þriðjudaginn 31. maí 2016 farið inn í anddyrið á stigaganginum að [...] þrátt fyrir að honum væri, samkvæmt ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík frá deginum áður, sem birt var honum sama dag, bannað að koma á eða í námunda við heimilið á svæði sem afmarkast við 50 metra radíus umhverfis heimilið, mælt frá miðju hússins.

Teljast brot sem lýst er í ákæruliðum 14 og 15 varða við 232. gr. almennra hegningarlaga.

16. Stórfelldar ærumeiðingar, með því að hafa með þeirri háttsemi sem lýst er í ákæruliðum 12 og 13 og að auki með því að senda C 34 smáskilaboð á tímabilinu 10. apríl til 8. maí 2016, ítrekað móðgað og smánað C.

Telst þetta varða við 233. gr. b almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Af hálfu A, kennitala [...], er þess krafist að ákærða verði gert að greiða henni 4.000.000 króna, ásamt vöxtum af fjárhæðinni samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 22. mars 2016 en síðan dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga að liðnum mánuði frá birtingu kröfunnar til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða brotaþola málskostnað, að viðbættum virðisaukaskatti, fyrir að halda fram bótakröfu sinni í málinu.

Af hálfu B, kennitala [...], er þess krafist að ákærða verði gert að greiða henni 2.000.000 króna, ásamt vöxtum af fjárhæðinni samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 6. mars 2016 en síðan dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga að liðnum mánuði frá birtingu kröfunnar til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða brotaþola málskostnað, að viðbættum virðisaukaskatti, fyrir að halda fram bótakröfu sinni í málinu.

Af hálfu C, kennitala [...], er þess krafist að ákærða verði gert að greiða henni 2.000.000 króna, ásamt vöxtum af fjárhæðinni samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 6. mars 2016, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga að liðnum mánuði frá birtingu kröfunnar til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða brotaþola málskostnað, að viðbættum virðisaukaskatti, fyrir að halda fram bótakröfu sinni í málinu.

Verjandi ákærða krefst þess aðallega að ákærði verði sýknaður og bótakröfum verði vísað frá dómi. Til vara krefst hann vægustu refsingar sem lög leyfa og að gæsluvarðhald sem hann hefur sætt frá 2. júní sl. komi að fullu til frádráttar refsingu, auk þess sem bótakröfur verði verulega lækkaðar. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna sem greiðist úr ríkissjóði.

Málsatvik

Samkvæmt skýrslu lögreglu, dags. 6. mars 2016, hafði A samband við lögreglu til að tilkynna um hótanir og áreiti sem hún og dætur hennar yrðu fyrir af hendi eiginmanns hennar, ákærða. Þegar lögregla kom á vettvang hafði ákærði lokað sig af inni í hjónaherbergi íbúðar þeirra, en A og dætur hennar, B og C, tóku á móti henni. A lýsti því fyrir lögreglu að ákærði hefði beitt hana andlegu og líkamlegu ofbeldi árum saman. Tilefni tilkynningarinnar þennan dag hafi verið að ákærði hefði viljað hafa samræði við hana, en hún ekki viljað það. Ákærði hefði þá sagst ætla að taka hana með valdi og ríða henni í rassgatið. Hún lýsti því að ákærði hefði nauðgað henni þann 20. september 2014. Hún teldi ákærða brenglaðan

kynferðislega og hún þyrfti að fróa honum reglulega gegn sínum vilja. Hann hefði einnig áreitt dætur hennar, sérstaklega B. Þá hefði hann sagt við hana að ef hún yrði ekki góð myndi hann hafa samræði við B. B greindi frá því að nóttina áður hefði ákærði sent henni smáskilaboð með beiðni um að koma inn í herbergi til hans og sofa hjá honum en þá fengi hún svefnfrið allan daginn eftir. Hún kvaðst hafa leitað áður til lögreglu vegna skilaboða frá ákærða. Hún greindi einnig frá því að ákærði segði móður hennar að hann myndi nota dætur hennar ef hún sinnti honum ekki og hefði hótad henni og móður hennar með því að ætla að senda Hells Angels á þær. C vildi lítið tjá sig við lögreglu en greindi þó frá því að hún hefði einu sinni séð ákærða beita móður sína ofbeldi inni í svefnherbergi. Hún hefði reynt að skakka leikinn en hann hefði hrint henni í gólfið. Þá hefði hún einu sinni séð ákærða stara á sig þegar hún hafi verið að skipta um föt. Á meðan lögregla ræddi við A, C og B á vettvangi kom ákærði út úr svefnherberginu. Taldi lögregla hann vera ógnandi og handtók hann til þess að tryggja öryggi þeirra. Ákærði neitaði öllu því er brotapolar höfðu borið hann sökum um.

A gaf kæruskýrslu fyrir lögreglu sama dag þar sem hún lýsti því að ákærði væri í langan tíma búinn að biðja um það nánast daglega að hún fróaði honum og væri með hótanir um að henda dætrum hennar út úr húsi eða hann myndi nota þær ef hún gerði þetta ekki. Þegar hún neitaði honum færi hann að öskra á sig og vera með frekari hótanir. Hún gerði þetta því til að halda friðinn og til að hann léti dætur hennar í friði. Þau hefðu verið gift í um 10 ár. Síðustu fjögur til fimm árin hafi þau ekki sofð í sama herbergi en hún hafi þurft að fróa honum daglega allan þann tíma. Þá vissi hún að ákærði væri að reyna við B og senda henni skilaboð. Hún kvaðst vera hrædd um að hann kæmi aftur heim yrði honum sleppt og óskaði eftir nálgunarbanni.

Með ákvörðun lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu 7. mars 2016 var ákærða gert að sæta brottvísun af heimili og nálgunarbanni, sbr. a- og b-liði 4. gr. og a- og b-liði 5. gr. laga nr. 85/2011 um nálgunarbann og brottvísun af heimili, í fjórar vikur þannig að lagt var bann við því að ákærði kæmi á eða í námunda við lögheimili sitt og A, B og C, að [...] í Reykjavík, á svæði sem afmarkaðist við 50 metra radíus umhverfis heimilið, mælt frá miðju hússins. Jafnframt var lagt bann við því að ákærði veitti A, B og C eftirför, nálgadist þær á almannafæri eða setti sig í samband við þær með öðrum hætti. Var ákvörðunin staðfest með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 11. mars sama ár og dómi Hæstaréttar 15. mars í málinu nr. 198/2016. Aftur var tekin ákvörðun um nálgunarbann og brottvísun af heimili þann 4. apríl sama ár. Ákvörðunin var staðfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 9. apríl og í Hæstarétti 14. apríl í málinu nr. 285/2016. Enn var tekin ákvörðun um framlengingu nálgunarbannsins og brottvísunar af heimili 2. maí 2016, sem staðfest

var með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 6. maí sama ár. Þá var enn tekin ákvörðun um framlengingu nálgunarbanns og brottvísunar af heimili 30. maí 2016. Frá 2. júní sl. hefur ákærði sætt gæsluvarðhaldi á grundvelli c- liðar 1. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Ákærða var á ný, með ákvörðun lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu 31. ágúst sl., gert að sæta nálgunarbanni og brottvísun af heimili, í sex mánuði, þannig að bann var lagt við því að hann setti sig í samband við A, hvort heldur sem væri í gegnum síma, bréflega, með tölvuskeytum, aðstoð annarra eða nokkrum öðrum hætti. Ákvörðunin var staðfest með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 5. september og dómi Hæstaréttar 9. september í málinu nr. 622/2016.

Í málinu liggja fyrir gögn um rannsókn á símasamskiptum ákærða. Er þar meðal annars að finna ítarlega lista yfir smáskilaboðasendingar ákærða og símhringingar úr sínum hans. Fyrir liggur mynd af skilaboðum úr símanúmerinu 770 4345 í síma C þann 6. mars sl. sem eru svohljóðandi: „Geturu komid inn i herbergi til min og sofid hja mer og tha færdu sefnfrid allan morgudagin“. Þá liggja fyrir nokkrar aðrar myndir af skilaboðum í síma hennar og síma B.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

Ákærði hefur alfarið neitað sök vegna allra liða ákærunnar. Hann greindi frá því að hann hefði kynnst A árið 2005 og þau hefðu gifst í upphafi árs 2006. Hjónabandið hafi gengið vel fyrstu árin en svo hafi A farið að taka breytingum. Hún hafi farið að sofa í öðru herbergi og hætta að vilja fara í ferðalög og sumarbústaðaferðir. Svo hafi hún tekið að vera með leiðindi og stæla og kalla hann öllum illum nöfnum og hreinlega haga sér eins og geðsjúklingur. C hafi flutt inn á heimili þeirra í mars 2010. Það sama ár hafi A hent honum út. Hann hafi þá fengið sér íbúð í september það ár. Rétt fyrir jól hafi hún hringt og beðið hann um að útvega þeim mæðgunum mat þar sem þær hafi verið matarlaugar og ekki haft efni á mat. Hann hafi neitað, en hún hafi hringt aftur skömmu síðar. Hann hafi þá látið undan og hún hafi beðið hann um að koma til sín og ræða málin. Hún hafi svo beðið hann um að koma aftur heim. Þau hafi útbúið lista yfir væntingar hvort til annars og hvaða breytingar þau þyrftu að gera. Hún hafi svikið allt nema eitt af því en hann hafi staðið við sinn hluta. Fljótlega eftir áramót hafi hlutirnir farið að breytast aftur. Hann hafi þá sagt við hana að hann hafi vitað að hún myndi ekki standa við neitt af því sem hún hafi lofað. Hún hafi sagt að hún ætlaði að standa við loforð sín og þá hafi þau farið að sofa saman annað slagið og stunda kynlíf með samþykki beggja. Allt hafi svo umturnast þegar B hafi flutt inn á heimilið í desember sl., en hún hafi ekki búið hjá þeim fyrir þann tíma. Hann hafi samþykkt að hún flytti heim en A hafi ekki viljað fá hana inn á heimilið. Hann neitaði því að

hafa neytt A til kynlífsathafna. Samþykki beggja hefði alltaf legið fyrir og engin vandamál verið með kynlíf í sambandinu þótt komið hafi tímabil þar sem það hafi ekki verið til staðar. Hann hafi ekkert verið ósáttur við það. Hann kvaðst ekki hafa haft nein tök á því að henda stjúpðætrum sínum út af heimilinu enda hafi A haft alla stjórn á því. Þá hefði hann aldrei hótað því að leita á stjúpðætur sínar ef A myndi ekki sinna sér, enda liti hann á þær sem dætur sínar.

Ákærði kvaðst muna eftir aðfaranótt 20. september 2014. Kynlíf þeirra hjóna þá nótt hafi verið með samþykki A. Hann hafi farið heim til systur sinnar og mágs það kvöld. Þegar hann hafi komið heim hafi hann ætlað að fá sér bjór sem hann hafi vitað að hann ætti og fara inn í herbergi, spjalla á facebook og horfa á sjónvarp. Þegar hann hafi litið í ísskápinn hafi bjórdósinn ekki verið þar. Hann hafi spurt A um bjórdósina. Hún hafi þá rokið inn í eldhús og hann hafi farið inn í herbergi og lokað að sér. Hún hafi komið á eftir honum og sagst ætla að leyfa honum að fá kynlíf með sér. Hann hafi svarað því til að hann væri ekki í skapi til þess. Hún hafi þá lagst hjá honum og sagst ætla að sofa hjá honum um nóttina. Hún hafi svo háttað sig og sagst ætla að vera ofan á í þessu kynlífi. Hann hafi enn verið áhugalaus en hún hafi sagt: „jú, við skulum fá okkur“ og hann hafi þá gefið eftir. Í framhaldinu hafi þau stundað kynlíf. Hún hafi svo allt í einu rokið fram í eldhús og hringt á lögregluna sem hafi komið og handtekið hann. Aðspurður mundi hann eftir því að lögreglan hefði komið tvisvar þessa nótt og taldi bæði skiptin hafa verið eftir kynlíf þeirra hjóna. Spurður um framburð A um verki í leggöngum sem hafi valdið því að hún gæti ekki stundað kynlíf kvað hann það rétt. Hún hafi fengið frumubreytingar árið 2013 og ekki treyst sér til að stunda kynlíf. Eftir það hafi nánast ekkert verið um kynlíf. Hún hafi hins vegar átt frumkvæði að því þessa nótt. Aðspurður kvað hann þetta ekki hafa snúist neitt um ætlað framhjáhald hennar og gat ekki gefið skýringar á því hvers vegna hann hefði greint frá því við skýrslutöku hjá lögreglu.

Ákærði neitaði því að hafa hótað A því að taka hana með valdi og hafa mök við hana í endaparm þann 6. mars sl. Hann hefði engan áhuga á að taka fólk í endaparm. Þau hafi hins vegar talað með þessum hætti við hvort annað. Það gæti meira en verið að hann hafi sagt þetta við hana en engin meining hafi verið á bak við það. Að loknum deilum þeirra hafi hann farið inn í herbergi og stuttu seinna hafi lögreglan verið komin á staðinn en hann hafi ekkert vitað hvers vegna.

Kvöldið áður hafi hann verið hjá mági sínum að aðstoða hann. Hann hafi eftir það fengið sér bjór með mági sínum og systur í hjólhýsi þeirra. Á leiðinni heim hafi hann sent skilaboð sem hann hafi ætlað konunni sinni. Hann hafi gengið yfir stórt plan við [...] sem ekki sé upplýst. Síminn hans hafi verið alveg að „deyja“. Hann hafi ekki séð númerið en ýtt á sendingu í þann mund sem slokknað hafi á

símanum. Hann hafi svo gengið yfir [...] og inn á [...]. Þegar hann hafi komið heim hafi hann sett símann í samband og beðið smástund áður en hann hafi kveikt á honum aftur. Hann hafi þá séð að skilaboðin hefðu óvart farið til B. Hann hafi farið fram og beðið hana afsökunar, sem hún hafi fallist á. Svo hafi hann farið inn í herbergi og sent önnur smáskilaboð til A og spurt hana hvort hún gæti komið inn í herbergið og talað við hann. Hún hafi þá skammast og öskrað og hóttað því að ef hún fengi ekki að sofa myndi hún hringja á lögregluna. Hann kvaðst ekki geta útskýrt það að samkvæmt símagögnum væri einungis ein mínúta á milli sendinga smáskilaboðanna og ekki gera sér grein fyrir því hvað þetta hefði tekið langan tíma. Þetta gæti hafa verið ein mínúta, en hann hefði þá hlaupið inn. Spurður um hvað hann hafi átt við með skilaboðunum sem hafi farið til B kvað hann A ítrekað hafa kvartað undan því að fá ekki svefnfrið vegna þess að C væri alltaf í tölvunni fram eftir nóttu. Hann hafi því talið að það væri betra fyrir hana að fá að sofa inni í herbergi þar sem hún heyrði ekki í C í stofunni. B hafi líka kvartað undan því hvað C væri lengi í tölvunni þegar hún þyrfti að mæta til vinnu morguninn eftir. Það hafi komið fyrir að A svæfi út, en stundum hafi hún verið vöknuð fyrir klukkan átta. Hún færi oftast snemma að sofa en þetta kvöld hafi hann vitað að hún væri ekki farin að sofa þar sem hann hafi séð ljós í eldhúsinu, stofunni og á baðherberginu.

Spurður um símtöl og smáskilaboð til A á tímabilinu frá 7. til 22. mars 2016, þegar hann hafi sætt nálgunarbanni, kvaðst ákærði ekki getað tjáð sig um það þar sem hann vissi ekkert um þetta. Hver sem er gæti hafa hringt í hana eða sent skilaboð úr símanum hans. Hann hafi aldrei haft símann á sér nema þegar hann hafi farið eitthvað. Hann hafi ekki verið í sambandi við A eftir að nálgunarbannið hafi verið lagt á, en hún hafi verið í sambandi við sig. Hún hafi verið að hringja og koma þangað sem hann hafi dvalið hjá vinafólki og hann hafi ekki fengið stundlegan frið fyrir henni. Hún hafi krafist þess að hann keyrði hana út og suður og hann hafi legið undir hótunum frá henni. Hann kvaðst hafa verið með símanúmerið [...]. Hann hafi einnig verið með símanúmerið [...] en þeim síma hafi verið stolið í byrjun mars. Hann kvaðst ekki kannast við númerið [...] og ekki geta skýrt af hverju símkort með þessu símanúmeri hafi fundist á honum við handtöku 1. júní sl. nema með því að A hafi sett þetta í veskið hans. Hann hafi ekki verið byrjaður að nota þetta veski og ekki haft hugmynd um að þessi kort væru þar. Hann kannaðist heldur ekki við númerið [...]. Þegar borið var undir hann að það númer hefði verið notað í sama símtæki og númerið [...] kvaðst hann ekki geta skýrt það, en hann hafi lánað símann manni sem hafi unnið við dyravörslu. Sá maður hafi ekki fundist. Hann játaði því að númerið [...] væri skráð á hann en kvaðst ekki geta gefið neinar skýringar á skilaboðum úr því númeri. Ástæða þess að símkortið hafi fundist á honum hafi verið sú að hann hafi hringt í þann sem hafi verið með símann og

beðið hann um að skila honum þar sem hann hafi verið að fá fremur óþægileg símtöl vegna sendinga úr honum. Þessi maður væri kallaður D, en ákærði kunnir ekki frekari deili á honum. Hann hafi tekið símann af mannum 1. júní sl. en þá hefði hann haft hann frá því um haustið. Spurður um símtöl til fyrri verjanda úr þessu símanúmeri kvaðst hann hafa fengið símann lánaðan hjá mannum.

Ákærði kvaðst lítið hafa þekkt til B áður en hún hafi flutt inn stuttu fyrir síðustu jóli. Hann neitaði því að hafa sent henni smáskilaboð á árunum 2012 til 2014. Hann kannaðist hins vegar við að hafa verið með netfangið [...]. Spurður um skilaboð sem lögregla hafi komist að að væru send úr IP-tölu sem hafi tengst netfanginu kvaðst ákærði ekki geta tjáð sig neitt um það, en margir hefðu netföngin hans.

Ákærði kvaðst ekki getað tjáð sig neitt frekar um þau skilaboð sem honum væri gefið að sök að hafa sent til B á árinu 2016. Hann hafi séð skilaboðin í skýrslutöku hjá lögreglu og fundist þau ógeðsleg. Hann myndi aldrei senda börnunum sínum svona skilaboð. Hann neitaði því að hafa brotið gegn nálgunarbanni gagnvart B. Ákærði kvaðst ekkert kannast við smáskilaboð til C og neitaði því að hafa brotið gegn nálgunarbanni gagnvart henni.

Ákærði greindi frá því að þann 31. maí sl. hafi hann farið inn í anddyri hússins að [...]. Hann hafi þá verið að keyra vinkonu þeirra hjóna í leikfimi. Sú hafi verið von að koma til þeirra í kaffi eftir leikfimi. Þennan dag hafi A hringt til hans og boðið þeim að koma í kaffi ásamt frænku hennar. Hún hafi tekið fram að C væri ekki heima. Vinkona þeirra hafi spurt hvort það væri alveg víst að þau mættu öll koma og A hafi sagt að það væri í lagi, nálgunarbannið gildi bara gagnvart B og C en þær væru ekki heima. Þegar hann hafi komið inn hafi hann séð C fyrir aftan A. Hann hafi þá farið út.

A skýrði frá því að hún teldi ákærða vera kynlífsfíkil. Hann hafi ekki virt það þegar hún segði nei. Ef hún hefði ekki getað haft samfarir við hann hefði hann beðið hana um að fróa sér og viljað koma við brjóstin í leiðinni. Ef hún neitaði þessu hefði hann hóttað henni. Hann hafi sagt að ef hún sinnti ekki skyldu sinni sem eiginkona væri það réttur hans að vera með dætrum hennar. Þá hafi hann líka hóttað því að dætrunum yrði hent út ef hún gegndi ekki. Þetta hafi lagst illa í hana, en hún hafi talið betra að halda friðinn og gera það sem hann bæði um í stað þess að vera alltaf að rífast. Hún taldi að upphaf þessa hafi verið fljótlega eftir að þau ákærði hafi kynnst 2005. Árið 2010 hafi C flutt inn á heimilið og B hafi flutt inn um síðustu jóli en áður dvalið annað slagið á heimilinu. Á tímabilinu frá mars 2010 til mars 2016 hafi þetta gerst nánast daglega, einkum á kvöldin þegar dæturnar hafi ekki verið heima. Hann hafi notað öll tækifæri til að kúga sig kynferðislega. Þá hafi hann síðast þann 6. mars sl. hóttað endaparmsmökum. Hann hafi verið að skemmta

sér kvöldið áður. Hún hafi verið sofandi inni í herbergi þegar B hafi komið heim í uppnámi laust eftir miðnætti og sagt að ákærði hefði verið að senda henni skilaboð. Ákærði hafi komið heim stuttu síðar. Hún hafi gengið á hann þegar hann hafi vaknað og hann hafi þá sagt að þetta hafi átt að fara til hennar en ekki B. Sér finnist það ekki líklegt enda hafi hún verið með símanúmer frá honum. Þá hafi hún farið að sofa milli átta og níu á kvöldin og yfirleitt verið vöknuð milli sex og sjö á morgnana. Hún hafi sofið í sérherbergi, en dætur hennar í stofunni og þær hafi stundum sofið fram eftir. Í framhaldi þessarar umræðu hafi ákærði farið að tala um að það væru tvö önnur göt þarna og svo hafi hann sagt „Ég vil bara fá það núna inn í herbergi helst í rassinn á þér“. Hún hafi sagt að það kæmi ekki til greina og hann hafi þá talað um að hann vissi um þrjú önnur flott göt sem væru vinkona hennar og dætur hennar. Þau hafi svo verið farin að rífast og hún hafi hringt á lögregluna. Spurð nánar um orðalag ákærða umrætt sinn sagði vitnið að hann hefði notað sitt orðalag: „að ég sé húsbóndinn og þú átt að gegna af því að þú ert kona“. Hún hafi ekki verið í neinum vafa um að ákærða væri alvara. Spurð um viðbrögð ákærða þegar hún hafi neitað honum um kynlíf kvað hún hann hafa hækkað í sjónvarpinu, skellt hurðum eða öskrað. Samskipti þeirra hafi verið erfið en þau hafi líklega ekki átt skap saman. Hún hafi stundum verið hrædd við ákærða en hún hafi alveg þorað að svara honum.

A greindi frá því sem gerðist 20. september 2014. Ákærði hefði farið að skemmta sér með frænda hennar. Hann hefði átt nokkra bjóra og beðið hana um að láta einn inn í ísskáp ef hann skyldi langa í bjór þegar hann kæmi heim en hún hafi gleymt því. Hún hafi heyrt þegar hann hafi komið heim, opnað ísskápinn og öskrað að það væri enginn bjór í ísskápnum. Hann hafi svo farið inn í herbergi í brjáluðu skapi, haldið áfram að garga og öskra og vakið C. Hún hafi þá hringt í lögregluna sem hafi komið um klukkan eitt. Lögreglumennirnir hafi rætt við ákærða sem hafi lofað öllu fögru og sagst vera að drekka bjór inni í herbergi og ætla svo að fara að sofa. Hann hafi hins vegar brjálást aftur og kallað á hana að koma inn í eldhús. Hann hafi sagt að sú sem hafi hringt á lögreglu fengi að kenna á því og hann ætlaði að ríða henni. Hún hafi spurt hvaða máli það skipti hver hefði hringt á lögregluna. Hann hafi þá sagt að C yrði hent út ef hún segði ekki satt og rétt frá. Ákærði hafi verið mjög drukkinn og í hryllilegu skapi. Hún hafi beðið hann um að hætta og farið inn til sín og lokað dyrunum. Hann hafi hins vegar sagt að hann ætlaði að fá að ríða henni og hún skyldi gegna. Þessu hafi lyktað með því að hún hafi gegnt. Hann hafi beðið hana um að setjast ofan á sig. Þetta hafi verið mjög vont og hún hafi „hrunið“. Hann hafi slegið hana, rassskellt og verið andstyggilegur. Þetta hafi staðið yfir í um einn og hálfan klukkutíma. Þá hafi hún sagst ætla fram að fá sér verkjatöflu og hella upp á könnuna. Hann hafi þá sagst ætla að klára að ríða C. Hún

hafi þá farið og hringt í lögregluna sem hafi komið stuttu síðar og fjarlægt ákærða. Hún hafi ekki kært ákærða þar sem hún hafi haldið að þetta hlyti að verða í lagi. Þá hafi hún viljað halda friðinn vegna dætra sinna. Hún kvaðst eiga erfitt með að stunda kynlíf vegna brjós-kloss. Þá hafi hún haft verki í leggöngum og stundum hafi blætt.

Vitnið lýsti því að ákærði hafi ítrekað sett sig í samband við hana á tímabilinu 7. til 22. mars sl. með símtölum og smáskilaboðum. Hún hafi þekkt rödd hans þegar hann hafi hringt. Hún hafi stundum reynt að ræða við hann til að halda friðinn. Þá hafi hún farið til vinkonu sinnar sem hann hafi dvalið hjá. Þetta hafi allt tekið mjög á hana og á tímabili hafi henni fundist hún vera einskis virði. Hún hafi reynt að verja börnin sín og gert allt til að halda friðinn. Svo hafi hún orðið dofin með tímanum. Hún hafi upplifað mikla togstreitu eftir að hann hafi farið af heimilinu og velt því fyrir sér hvort hún ætti að fyrirgefa honum. Hún hafi nú tekið ákvörðun um að skilja við hann.

Hún kvaðst vita til þess að ákærði hefði sent B og C smáskilaboð en hún hafi stundum séð þau. Þetta hafi komið úr mismunandi símanúmerum. Hún hafi hringt í ákærða og beðið hann um að láta þær í friði. Hann hafi sagt að hann myndi ekki gera það fyrr en hann fengi að koma heim. Henni hafi skilist á B að ákærði hefði áður sent henni skilaboð. Hún hafi líklega sagt sér frá því sama ár og hún hafi verið ófrísk. B hafi þó einkum sagt C frá þessu og þá hafi þær yfirleitt báðar farið að gráta. Þetta hafi allt haft mjög slæm áhrif á þær.

Vitnið kvaðst hafa talað við E vinkonu sína þann 31. maí sl. og ákærði hafi þá jafnframt viljað ræða við hana. Hún hafi samþykkt að þau kæmu bæði í kaffi, en talið að mælirinn væri fullur og eitthvað þyrfti að gerast. Þegar ákærði hafi komið hafi hún gargað á hann að hann hefði ekkert að gera þangað og skyldi bara koma sér út. Hann hafi þá farið út en E og F, frænka hennar, hafi komið inn til hennar í kaffi. Hún hafi sagt þeim að það kæmi ekki til greina að tala við ákærða. Þótt hún hafi samþykkt að hann kæmi í kaffi hafi hún ekki verið viss um hvort hún ætti að tala við hann eða hella sér yfir hann. C hafi verið heima og hún hafi harðneitað því að hann fengi að koma inn. Þá hafi henni fundist mælirinn fullur.

C skoraðist undan því að gefa skýrslu fyrir dómi við aðalmeðferð málsins á grundvelli 117. gr. laga nr. 88/2008. Hún staðfesti þó að hún hefði greint rétt frá við skýrslugjöf hjá lögreglu og fyrir dómi.

Við rannsókn málsins var tekin skýrsla af C fyrir dómi með heimild í c-lið 1. mgr. 59. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Þar skýrði hún frá því að ákærði hefði oft skipað móður hennar að sofa hjá sér og sagt við móður hennar, svo hún sjálf heyrði, að annars myndi hann nota elstu dóttur hennar, hana sjálfa. Þá segði hann meira en þetta þegar hann væri undir áhrifum. Hún skýrði misræmi á

framburði sínum hjá lögreglu, þar sem hún sagðist einungis einu sinni hafa heyrt þetta, með því að hún hafi þá ekki viljað tala um þetta. Þá staðfesti hún framburð sinn hjá lögreglu um að ákærði hefði hótað að henda þeim systurum út frá móðir þeirra honum ekki. C kvaðst hafa búið á heimilinu í um fimm ár og þetta ástand hafi byrjað fljótlega eftir að hún hafi flutt inn. Hún játaði því að móðir hennar gæti líka verið erfið við ákærða og hefði hótað honum því að henda honum út af heimilinu. Ákærði hafi komið drukkinn heim í september 2014. Hún hafi verið búin að lofa honum bjórdós en móðir hennar hefði gleymt að setja hana í ísskápinn. Ákærði hafi brjálást og lamið í ísskápinn. Hún lýsti því að hún hefði heyrt í móður sinni og ákærða inni í herbergi eftir þetta þar sem ákærði hafi haldið móður hennar niðri. Hún hafi heyrt móður sína skipa ákærða að fara af sér. Þá hafi ákærði áreitt systur hennar með smáskilaboðum. Hann hafi sent henni skilaboð daginn sem hann hafi farið af heimilinu, en einnig fyrir þann tíma. Hún hafi ekki séð öll skilaboðin en B hafi sagt henni frá þessu. Í kjölfar skilaboðanna 6. mars hafi móðir hennar hringt á lögreglu. Hún mundi ekki eftir orðaskiptum áður en að því hafi komið. Þá lýsti C því að hún hefði fengið smáskilaboð frá ákærða eftir að hann hefði sætt nálgunarbanni sem í hafi falist morðhótanir. Henni hafi ekki liðið vel við að fá skilaboðin frá ákærða, en hún hafi þó ekki verið hrædd við hann. C staðfesti að ákærði hefði komið inn í stigagang hússins að [...] 31. maí sl.

B kvaðst hafa dvalið inni á heimili móður sinnar og ákærða annað slagið síðustu ár í einhverja mánuði í senn, en hún hafi svo flutt inn síðasta sumar. Hún greindi frá því að ákærði hefði byrjað að áreita hana þegar hún hafi verið barnshafandi árið 2012. Hann hafi þá farið að senda henni skilaboð um að hann vildi sofa hjá henni. Hún hafi greint móður sinni frá þessu en hún hafi ekki trúað sér. Hún hafi einu sinni leitað til lögreglu en ekkert hafi orðið úr málinu. Hún hafi þekkt númerið sem sent hafi verið úr og því vitað að skilaboðin væru frá ákærða. Hún kannaðist ekki við að hafa fengið skilaboð úr leyninúmeri eða öðrum óþekktum númerum. Þetta hafi staðið yfir í fjögur ár með hléum.

Þann 6. mars sl. hafi hún verið úti með vini sínum þegar hún hafi fengið skilaboðin frá ákærða um að koma upp í rúm til sín. Hún hafi sagt móður sinni frá þessu þegar hún hafi komið heim. Ákærði hafi verið heima þegar hún hafi komið en þau hafi ekkert rætt saman. Daginn eftir hafi hann sagt að þetta hefði átt að fara til móður hennar, en það væri ekki rétt hjá honum. Hann væri góður í því að ljúga sig út úr hlutunum. Vitnið lýsti því að hún og C systir hennar hefðu sofíð í stofu íbúðarinnar. Móðir þeirra hafi sofíð í einu herbergi en ákærði í öðru. Móðir hennar hafi vaknað um klukkan 7 til 8 á morgnana og ekki verið vön að sofa út. Það hafi verið erfitt fyrir hana sjálfa að fá að sofa út í stofunni. Hún hafi stundum fengið að fara inn í herbergi og leggja sig lengur. Hún lýsti því að deilur hefðu átt sér stað

milli móður hennar og ákærða þennan dag. Ákærði hefði ætlað að leggja hendur á móður hennar og hefði hóttað henni, m.a. því að hann myndi hrinda henni. Hún kvaðst ekki hafa heyrt hótanir af kynferðislegum toga.

Vitnið kvað samskipti milli móður hennar og ákærða ekki hafa verið góð. Þau hafi rifist mikið. Móðir hennar hafi sífellt verið að láta ákærða skutla sér og hafi hóttað því að henda honum út gerði hann það ekki. Hún hafi jafnframt hóttað því að henda þeim systurum út af heimilinu. Þá hafi hún kallað ákærða ljótum nöfnum og ekki hikað við að svara honum. Ákærði hafi kúgað móður hennar kynferðislega með hótunum um að hann myndi berja hana eða eitthvað svoleiðis ef hún ekki sinnti honum. Vitnið kvaðst þó ekki hafa heyrt þessar hótanir sjálf heldur hafi móðir hennar greint henni frá þeim. Hún kvaðst ekki muna eftir hótunum af kynferðislegum toga. Þá kannaðist hún ekki við að hafa heyrt um eitthvert sérstakt tilvik þar sem móðir hennar hefði verið þvinguð til kynmaka. Síðar í framburði sínum sagði vitnið að hún hefði fyrir löngu síðan heyrt ákærða hótta því að henda þeim systurum út sinnti móðir þeirra honum ekki kynferðislega. Spurð um framburð sinn hjá lögreglu þar sem hún hafnaði því að hafa heyrt þetta kvaðst hún hafa verið mjög ringluð á þeim tíma. Spurð um framburð sinn fyrir lögreglu 6. mars sl. um að ákærði hefði sagst ætla að nota þær systur fengi hann ekki móður þeirra sagðist hún muna til þess að móðir hennar hefði sagt þetta. Spurð um framburð sinn hjá lögreglu um að móðir hennar ætti það til að „bulla svolítið mikið“ sagði vitnið að móðir hennar ætti það til að gera of mikið út hlutunum og bulla. Þá ætti hún það til að ergja ákærða og ýta undir ákveðin viðbrögð.

Eftir að nálgunarbann hafi verið lagt á hafi ákærði haldið áfram að senda henni smáskilaboð og birtast fyrir utan húsið og á fleiri stöðum þar sem hún hafi verið, auk þess sem hann hafi veitt henni eftirför. Hún lýsti skilaboðunum nánar og sagði að þau hefðu komið úr þremur símanúmerum. Hún hafi hins vegar þekkt hvernig ákærði skrifaði. Hún kvaðst vita til þess að C, systir hennar, hefði fengið svipuð skilaboð frá ákærða og hún sjálf, en hún hafi séð einhver þeirra. Þá hafi hún fengið símhringingar frá ákærða og úr leyninúmeri á þessu tímabili, en hún hafi aldrei svarað. Hún kvað þessa framkomu stjúp föður hennar gagnvart henni hafa haft mjög slæm áhrif á sig. Hún hafi átt við þunglyndi og kvíða að stríða. Ákærði hafi meðal annars notað unga dóttur hennar gegn henni. Þá hafi hann hóttað því að láta hana missa vinnuna en það hafi skipt hana miklu máli að halda vinnunni. Henni líði þó aðeins betur í dag eftir að ákærða hafi verið gert að sæta gæsluvarðhaldi. Hún hafi rætt um þetta við heimilislækni sinn og bíði þess nú að komast í viðtal hjá sálfræðingi.

Vitnið E greindi frá því að hún hefði verið vinkona A frá árinu 1974 en þær hefðu verið í mismiklu sambandi á þeim tíma og séu ekki í miklu sambandi í dag.

Hún hafi kynnst ákærða í gegnum hana. Hún kvaðst þekkja þau hjónin nokkuð vel enda hafi hún verið töluvert inni á heimili þeirra, sérstaklega frá árinu 2014 er hún hafi byrjað að sækja líkamsrækt í nágrenni við þau og gjarnan komið við í kaffi á leiðinni heim. Samskipti þeirra hjóna hafi ekki verið góð nema kannski í upphafi. Henni hafi ekki fundist þetta eðlilegt samband. A hafi verið mjög stjórnsöm og hafi kúgað ákærða. Hann hafi bara átt að vera inni í herbergi. Hann hafi átt að sjá henni og eldri dóttur hennar fyrir tóbaki þegar peningarnir hafi verið búnir um miðjan mánuðinn og útvega þeim mat. Hún hafi lofað ákærða kynlífi, handfjötlu eða einhverju öðru, gegn því að hann sæi um þetta, en hún hafi jafnóðum svikið það. A sé líka stjórnsöm við dætur sínar. Hún ofverndi C og reyni stundum að fá hana til að segja eitthvað sem hafi ekki gerst. Henni hafi fundist A mynda andúð C á ákærða. Hún haldi að hún hafi heyrt A hóta því að henda stelpunum af heimilinu, en það væri líkt henni að gera það.

Hún sagði A einhverju sinni hafa minnst á það við sig að ákærði hefði sagt að hann myndi ráðast á dæturnar ef hann fengi hana ekki. Hana minnti að hún hefði sagt að þetta hefði verið ítrekað. Hún hafi verið í heimsókn og þær hafi kallað á ákærða að koma fram til að ræða þetta. Hún hafi sjálf litið á þetta sem innantóm orð, barnaleg og ótrúverðug. Ákærði hafi brugðist við með því að segja þetta vera í lagi. Hann hafi gengist við þessu en þetta hafi verið máttlaus hótun. Þessar hótanir hafi þó haft áhrif á A. Hún hafi óttast að dætur hennar heyrðu þetta. Vitnið kvað sig minna að A hefði líka talað um að hann hefði hótað því að henda stelpunum af heimilinu.

Vitnið greindi frá því að A hefði sagt henni að ákærði hefði nauðgað sér. Þetta hefði verið fyrir nokkru síðan, hugsanlega árið 2013, fljótlega eftir atburðinn. A hefði ekki skýrt frá atburðinum sjálfum en sagt að hún hefði verið mjög sár í baki dagana á eftir. A hafi verið mjög miður sín yfir þessu.

Ákærði hafi flutt inn til hennar eftir að nálgunarbannið hafi verið lagt á þar sem þau hjónin hafi ekki getað hugsað sér að hann væri á vergangi. Ákærði hafi mikið verið í símanum að hringja og senda smáskilaboð, en hún viti ekki við hvern hann hafi verið að tala. Hann hafi haft símana hjá sér og verið fyrstur til að svara heimasímanum. A hafi mikið hringt til að ná sambandi við sig, en ákærði hafi svarað. A hafi þá lagt á en hringt aftur. Símanir hennar hafi horfið á meðan ákærði hafi verið á heimilinu. Fyrsti síminn hafi endað í uppþvottavélinni. Næst hafi hún notað gamlan síma sem hafi horfið nokkrum dögum síðar. Þá hafi verið keyptur nýr sími sem hafi orðið um þriggja daga gamall. Þá hafi enn verið keyptur sími sem hafi hlotið svipuð örlög. Síðasti síminn hafi reyndar fundist aftur í bifreið ákærða. Hún staðfesti að ákærði hefði greint sér frá því að síma hans hefði verið stolið. Hún hafi séð að ákærði hafi verið með tvo síma sem hann hafi alltaf verið með hjá sér.

Þá kvaðst hún hafa farið í nokkrar ferðir með ákærða og A meðan á nálgunarbanninu hafi staðið.

Vitnið greindi frá því að hún hefði verið með ákærða 31. maí sl. Þegar ákærði hafi verið handtekinn við [...]. Þau hafi verið þrjú saman í bifreið; hún, ákærði og F. Ákærði hefði ekið henni í ræktina. Hana minnti að A hefði hringt og viljað bjóða þeim í kaffi. Vitnið hafi spurt hvort ákærði mætti líka koma og A hafi játað því og sagt að stelpurnar væru ekki heima. Ákærði hafi verið kominn inn í anddyri þegar A hafi opnað dyrnar og þau hafi séð að C stóð fyrir aftan hana. C hafi hrópað að ákærði fengi ekki að koma. Hann hafi snúið við og farið en hún sjálf hafi farið inn í kaffi. A hafi síðar viðurkennt að hún hefði eiginlega verið að egna gildru fyrir ákærða.

Vitnið kvaðst ekki vita hvort ákærði hefði verið að senda stjúpðætrum sínum smáskilaboð en henni fyndist það ekki ósennilegt þar sem hann hefði verið reiður og oft verið að tala um sína fyrrverandi, G. Hún þekki einhverja vafasama einstaklinga og hann hafi talað um að hún væri að bjóðast til þess að senda sveit á mæðgurnar. Þá hafi hann stundum borið því við að þekkja einhverja í Hells Angels. Engu að síður hafi hann talað um það á sama tíma að honum þætti mjög vænt um stjúpðætur sínar.

Vitnið H, eiginmaður vitnisins E, kvaðst vera vinur ákærða. Hann hefði þekkt þau hjónin lengi og A enn lengur. Hann lýsti því að samskipti þeirra hjóna hefðu verið mjög stormasöm.

Vitnið F greindi frá því að hún væri frænka A og vinkona E. Hún kvað A ekki hafa rætt við sig um kynlíf þeirra hjóna nema þegar E hafi verið þar líka. A hafi sagt að ef ákærði fengi það ekki þá myndi hann fara á dætur hennar. Hún hafi nokkrum sinnum talað um þetta en vitnið vissi ekki hvort þetta hafi átt að gerast oftast en einu sinni. Hún hafi ekki heyrt ákærða segja þetta. Þá hefði A sagt sér og E frá því á þessu ári að ákærði hefði nauðgað sér árið 2013 eða 2014.

Vitnið kvaðst muna eftir því að B hefði fengið kynferðisleg skilaboð sem hún hafi talið vera frá ákærða árið 2013 eða 2014. Hún hafi séð skilaboðin en muni ekki hvað hafi staðið í þeim. Hún hafi ekið B til lögreglunnar vegna þessa.

Vitnið greindi frá því að hafa verið með ákærða og E á [...] 31. maí sl. A hafi boðið þeim öllum þremur í kaffi og hún hafi rætt við ákærða í síma. Þegar hún hafi opnað dyrnar á íbúð sinni og séð ákærða hafi hún trompast.

Vitnið I kvaðst hafa verið vinkona B. Hún hafi séð smáskilaboð til hennar sem hún hafi talið vera frá ákærða. Í þeim hafi sagt að ef hún gæti ekki greitt leiguna eða borgað heim gæti hún bara sofnað hjá eiginmanni móður sinnar. Undir skilaboðunum hafi sagt „kveðja I“, eins og skilaboðin kæmu frá henni. Hún hafi hins vegar ekki sent þetta. Hún hafi farið með B til lögreglunnar en viti ekki

hvernig málinu hafi lyktað. Hún hafi sjálf einungis séð þessi einu skilaboð en B hafi talað um að hafa fengið fleiri. B hafi brugðist illa við og orðið reið og sár.

Vitnið J, vinkona B, kvaðst hafa búið með henni árið 2013. Hún hafi þá orðið vitni að því að B hafi fengið nokkur skilaboð sem ákærði hafi sent undir nafni I. Skilaboð hafi borist þegar I hafi setið við hliðina á þeim eins og þau væru send frá henni. B hafi brugðist illa við og grátið mikið. Í skilaboðunum hafi ákærði kallað B ýmsum nöfnum og m.a. sagt að hún mætti deyja og hún væri ógeðsleg og illa innrætt tík. Hún mundi ekki til þess að hafa séð skilaboð sem hafi verið kynferðislegs eðlis en B og I hafi hins vegar báðar talað um það. B hafi þekkt símanúmerið og því vitað að skilaboðin kæmu frá ákærða. Aðspurð kvað vitnið það rétt sem hún hefði sagt hjá lögreglu um að hafa séð tvenn eða þrenn smáskilaboð þar sem hafi staðið „þú ert hóra, þú átt ekki að ríða hverjum sem er“.

Vitnið K, systir ákærða, lýsti sambandi hans og A sem „helvíti“. Hann hafi verið þrællinn hennar. Hún hafi hóttað honum með því að hún myndi selja bílinn í því skyni að fá hann til að gera hluti fyrir sig. Hún kvaðst sjálf ekki þola A og ekki eiga í neinum samskiptum við hana. Ástæðan væri stjórnsemi hennar. Hún væri frek og hótunargjörn og ekki sú týpa sem menn vilji eiga samskipti við. Hún kvaðst ekki hafa verið mikið inni á heimili þeirra hjóna en hún hafi verið í sambandi við ákærða og hafi heyrt A öskra og garga þegar hún hafi rætt við ákærða í síma.

Vitnið L, móðir ákærða, lýsti því að samband ákærða og A hefði verið ágætt fyrstu árin. Það hafi svo farið versnandi og ákærði hafi verið algjörlega undir hennar hæl. Ef hann hafi ekki gert það sem A hafi viljað hafi hún hóttað honum. Ákærði hafi tvisvar komið heim til hennar klóraður í framan og greint frá því að það væri eftir A. A hafi svo viðurkennt þetta fyrir sér. Þá hafi ákærði greint henni frá því að hann væri þreyttur á því að vera alltaf lokaður inni í herbergi.

Vitnið Rannveig Einarsdóttir lögreglumaður gerði grein fyrir rannsókn málsins. Rannsóknin hafi byrjað með tilkynningu A vegna eldri kynferðisbrota og kynferðislegra smáskilaboða til B. Hún hafi greint frá því að ákærði hefði ítrekað þvingað sig til kynlífs með því að hótta að nota dætur hennar eða henda þeim út af heimilinu. Ákærði hafi verið úrskurðaður í nálgunarbann en þegar hafið að áreita mæðgurnar með símhringingum og smáskilaboðum úr ýmsum símanúmerum. Um fimm símanúmer hafi verið að ræða. Þau hafi getað tengt flest númerin við símtækin tvö sem hafi verið tekin hjá ákærða, en símkort með þeim hafi verið notuð í þeim sínum. Í einhverjum tilvikum hafi númerin verið skráð á ákærða eða símkortin fundist á honum. Ákærði hafi gefið þær skýringar að hann hafi lánað einhverjum D símanúmer. Ekki hafi tekist að hafa uppi á þeim manni þrátt fyrir leit.

Vitnið Guðmundur Fylkisson lögreglumaður skýrði frá símarannsóknnum í málinu. Hvert símtæki hafi sérstakt númer og símkort hafi sérstakt IMEI-númer.

Skóðað hafi verið hvaða símtæki hafi verið notað fyrir hvert símanúmer. Þá hafi gögn verið fengin frá símafyrirtækjum til að finna staðsetningar og sjá hvort sama símtækið sé notað fyrir mörg símanúmer. Eitt símtæki sem tvö símanúmerin hafi verið notuð í hafi ekki fundist. Annað númerið hafi fundist hjá ákærða. Vitnið hafi skoðað símanúmerið [...] sem ákærði hafi sagst hafa lánað manni að nafni D. Hann hafi leitað eftir samskiptum ákærða við þann mann en ef hann muni rétt hafi hann ekki fundið þau. Hins vegar hafi þarna verið samskipti við verjendur hans, B og C.

Vitnið greindi frá komu sinni að [...] 31. maí sl. þar sem ákærði var handtekinn. Hann hafi verið nálægt þegar tilkynningin hafi komið og því verið kominn einni eða tveimur mínútum síðar. Ákærði hafi setið í bifreið sinni á bifreiðastæðinu. Hann hafi sagst vera að sækja konu sem hafi verið í heimsókn hjá A. Sú kona hafi komið skömmu síðar.

Vitnið Snorri Örn Árnason, sérfræðingur hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, greindi frá símarannsóknnum í málinu. Hvert símtæki hefði tiltekið IMEI-númer sem aðgreindi það frá öðrum. Þannig væri hægt að sjá í hvaða síma hvert símkort hefði verið notað. Þá skýrði hann frá fyrirvara í skýrslu sinni varðandi útskriftir frá Nova. Á þeim væru ákveðnir annmarkar þar sem tvítalningar kæmu fyrir á sömu línunum. Þær geti annars vegar helgast af því að gögnin séu tekin úr ólíkum kerfum vegna þess að Nova hafi verið með samninga við Vodafone sendakerfið þannig að stundum komi tvær línur fyrir sama símtalið, bæði frá Vodafone og Nova. Hins vegar geti símtal eða smáskilaboð verið gjaldfærð sem fleiri en eitt ef þau fara yfir tiltekna lengd. Nokkur tilvik af þessu hafi verið að finna í gögnunum sem ekki hafi verið hægt að hreinsa með þeirri vissu að örugglega væri um sama símtalið að ræða. Þarna geti því slæðst inn tvítalningar. Fjöldi greindra símtala sé því hámarks fjöldi en þau geti hafa verið færri. Skekkjan nemi í mesta lagi 5 til 10%. Hann hafi skoðað hvaða sendum símarnir hafi tengst. Þeir hafi að jafnaði tengst sendum í [...], mest í kringum [...], [...] og [...], en þessir sendar hafi náð yfir svæðið þar sem ákærði hafi dvalið. Ekki hafi þótt ástæða til þess að greina þetta í sundur eftir símanúmerum í skýrslunni þar sem dreifingin hafi verið nokkurn veginn sú sama

Vitnið Marinó Ingi Emilsson lögreglumaður greindi frá því að hann hefði komið á vettvang 6. mars sl. Hann hafi tekið skýrslur af brotapolunum, en þær hafi verið skildar að. Hann kvaðst ekki muna orðrétt hvað hefði komið fram hjá þeim en framburður þeirra hafi verið tekinn upp og ritaður í samantektina eftir upptökunni. Ákærði hafi verið farinn af heimilinu og ástand mæðgnanna hafi ekki verið gott. Önnur dóttirin hafi verið merkjanlega hrædd við ástandið.

Vitnið Jóhann Birkir Guðmundsson lögreglumaður lýsti því að hafa komið á vettvang að [...] 6. mars sl. Tilkynnt hefði verið um ætlað heimilisofbeldi sem hefði

verið í gangi í einhvern tíma. Hann hafi rætt við C og B inni í stofunni á meðan varðstjóri hafi rætt við A og fengið frásögn hennar inni í eldhúsi. Hann hafi skrifað ítarlega bókun sem tekin hafi verið upp í frumskýrslu málsins. Hann kvað ástand systranna hafa verið mjög dapurt. Það hafi verið erfitt að tala við C um þetta. Hún hafi verið mjög lokuð og lítið viljað tjá sig. B hafi verið opnari, greint frá hótunum og áreiti og m.a. sýnt sér smáskilaboð sem hún hefði fengið frá ákærða nóttina áður. Ákærði hafi verið inni í herbergi meðan á þessu hafi staðið. Hann hafi svo komið út ógnandi í fasi og ákvörðun hafi verið tekin um að handtaka hann.

Vitnið Gunnar Ingi Gunnarsson læknir staðfesti vottorð sitt frá árinu 2014 varðandi C. Hann sagði að töluvert væri frá því hann hefði hitt hana. Hann muni að henni hafi liðið illa þar sem hún hafi búið hjá aðstandendum sínum. Hún hafi verið með kvíðaröskun, skerta dómgreind og átt í erfiðleikum með að stjórna högum sínum. Hún hafi verið töluvert þroskaskert samkvæmt upplýsingum í sjúkraskrá. Það hafi verið álit hans að hún þyrfti að komast á reglubundnar greiðslur frá hinu opinbera og komast í betri aðstöðu. Þess vegna hafi verið sótt um vistun fyrir hana annars staðar. Hún hafi virst hlakka til að flytja. Hann hafi haft upplýsingar úr gögnum um að C hafi liðið illa heima í umsjá móður sinnar sem hafi virst vera með afbrigðilegt form á heimilishaldi. Hún hafi haft sérkennilegt form á uppeldi og framkomu við stúlkuna. Hann hafi ekki séð C síðan en vandamál hennar séu þess eðlis að engin ástæða sé til þess að ætla að það verði neinn bati hjá henni.

Vitnið M þroskaþjálfari upplýsti að hún hefði verið ráðgjafi C undanfarin tvö ár. C hafi greint henni frá erfiðleikum á heimilinu en hún hafi ekki tjáð sig mikið um málefni stjúpforeldris síns. Eins og hún hafi skilið þetta hafi verið um samofinn vanda að ræða sem hafi tengst samskiptum við bæði móður og stjúpforeldur. Hún hafi sjálf túlkað þetta sem andlegt ofbeldi. Hún hafi átt samskipti við C þar sem lagt hafi verið hart að henni að mæta fyrir dóm en hún hafi átt erfitt með það. C hafi þá sagt henni frá smáskilaboðum frá fósturföður hennar, en hún hafi sjálf aldrei séð skilaboðin. C hafi upplifað mikinn kvíða vegna þessa og þetta hafi verið farið að birtast í líkamlegum einkennum, svo sem magabólgu.

Vitnið N stuðningsfulltrúi kvaðst hafa unnið með C frá árinu 2012. Hún kvað samskipti C við stjúpforeldur sinn stundum hafa komið til tals og hún hefði rætt um að hafa fengið skilaboð og hótanir frá honum. Þetta hafi tekið mjög á hana. Hún sé komin með magabólgu og hafi talað um hjartslátt og fleiri líkamleg einkenni.

Vitnið Gerður Jónsdóttir heimilislæknir staðfesti vottorð sitt frá 31. ágúst sl. varðandi B. Það hafi byggst á tveimur viðtölum við hana og einu símtali, en hún hafi verið læknir hennar frá árinu 2012. Ástandið hafi haft mjög mikil áhrif á líðan hennar, bæði andlega og líkamlega. Hún hafi lýst kvíða og verið með óþægindi í maga og meltingu sem sér finnist tengjast álagi. Af sjúkraskrá hennar megi sjá tíðar

komur til hennar, á læknavaktina og á göngudeild geðdeildar síðasta ár. B hafi lýst því að þetta tengdist sambandsslitum móður hennar og stjúpfoður og skilaboðum sem hún hafi fengið frá honum. Læknirinn taldi þau einkenni sem B sýndi vel geta samræmst því sem gengið hafi á.

Ákærði gaf aftur skýrslu fyrir dóminum að loknum skýrslum vitna. Hann kvað það rétt sem hefði komið fram hjá E að hann hefði gengist við því að hafa hótad A því að leita á dætur hennar ef hún sinnti sér ekki. Það hafi þó einungis verið í því skyni að fá frið fyrir rifrildi og skömmum A, en hún hafi hótad sér því að taka af sér bifreiðina og selja og því að henda honum út af heimilinu. Þá staðfesti hann að A hefði oft lofað sér að sinna sér kynferðislega gegn því að hann gerði hluti fyrir hana, eins og að keyra hana út í búð.

Niðurstaða

Ákæruliður 1

Ákærði neitaði alfarið sök í 1. lið ákærunnar. Hann kvað þau hjónin ekki hafa átt í neinum vandræðum með kynlíf og hann hafi ekki verið ósáttur við það. Þá vísaði hann til þess að eiginkona hans hefði stjórnað heimilinu og hann hefði ekki haft tæk á að vísa stjúpdætrum sínum þaðan. A lýsti því fyrir dóminum að ákærði væri kynlífsfíkill og virti ekki þegar hún segði nei. Hann hefði frá því í mars 2010 krafist þess nær daglega að hún fróaði sér og sagt að ef hún sinnti ekki skyldu sinni sem eiginkona væri það réttur hans að vera með dætrum hennar eða að dætrum hennar yrði að öðrum kosti hent út. Fyrir liggur að á umræddu tímabili bjó dóttir A, C, inni á heimili hennar og ákærða. Þá flutti önnur dóttir hennar, B, inn á heimilið í desember 2015. C greindi frá því í skýrslu fyrir dóminum undir rannsókn málsins, 24. júní sl., að hún hefði oft heyrt ákærða skipa móður hennar að sofa hjá sér og sagt við hana að annars myndi hann nota elstu dóttur hennar. Þá hefði hún heyrt ákærða hótta því að henda sér og systur sinni út ef móðir þeirra fróaði honum ekki. Við skýrslugjöf hjá lögreglu 30. maí sl. greindi hún hins vegar frá því að hún hefði einungis einu sinni heyrt ákærða hótta því að nota hana ef móðir hennar svæfi ekki hjá honum. Þá héldi hún að hann hafi einu sinni talað um að henda þeim systur út ef móðir hans stundaði ekki kynlíf með honum. B greindi frá því að ákærði hefði kúgað móður hennar kynferðislega með hótunum um að hann myndi berja hana eða eitthvað svoleiðis ef hún ekki sinnti honum og kvaðst ekki muna eftir hótunum af kynferðislegum toga. Síðar kom þó fram hjá henni að hún hefði fyrir löngu síðan heyrt ákærða hótta því að henda þeim systur út sinnti móðir þeirra honum ekki kynferðislega. Þá sagðist hún hafa heyrt móður sína segja að ákærði hefði hótad því að nota þær systur fengi hann hana ekki. Við skýrslugjöf hjá lögreglu 22. mars sl. neitaði hún því hins vegar að hafa heyrt þetta. Þar skýrði hún frá því að móðir

hennar ætti það til að „bulla svolítið mikið“ og ýta undir hótanir ákærða með því að ergja hann. Við skýrslutöku hjá lögreglu 2. maí sl. kannaðist hún hins vegar við að hafa nokkrum sinnum heyrt ákærða hóta móður sinni því að henda henni út ef hún fróaði honum ekki og kvaðst ekki muna af hverju hún hefði ekki kannast við þetta áður. Þá hefði hún aldrei heyrt hann hóta því að fara á þær systurnar. Vitnin E og F lýstu því að A hefði greint þeim frá því að ákærði hefði hótad því að fara á dætur hennar sinnti hún honum ekki kynferðislega. Þá greindi E frá því að A hefði kallað til ákærða, þegar hún hafi verið í heimsókn, og rætt þetta við hann. Hann hafi þá viðurkennt þessa háttsemi. Ákærði staðfesti að hann hefði gengist við þessu fyrir framan C en það hafi einungis verið til þess að fá frið fyrir hótunum og skömmum A.

Samkvæmt framangreindu liggur fyrir framburður A um þær hótanir eða nauðung sem ákærða er gefin að sök í þessum lið ákærunnar, auk framburðar dætra hennar. Eins og greint hefur verið frá er framburður dætranna tveggja nokkuð óljós um það hvort þær hafi raunverulega heyrt ákærða segja að hann myndi henda þeim út af heimilinu eða stunda kynlíf með þeim sinnti móðir þeirra honum ekki kynferðislega og hversu oft slíkt hafi þá gerst. Þá þykir framburður A ekki fyllilega trúverðugur. Með hliðsjón af framangreindu verður að telja að vitnisburður A fái ekki þá stoð í gögnum málsins að hann nægi, gegn eindreginni neitun ákærða, til þess að ákærvaldið hafi axlað sönnunarbyrði þá sem á því hvílir, skv. 108. gr., sbr. 1. og 2. mgr. 109. gr., laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Verður ákærði því sýknaður af sakargiftum samkvæmt fyrsta lið ákærunnar.

Ákæruliður 2

Í öðrum lið ákærunnar er ákærða gefin að sök nauðgun aðfaranótt laugardagsins 20. september 2014. Í skýrslu lögreglu kemur fram að A hafi hringt í lögreglu kl. 2:02 þá nótt og greint frá því að ákærði væri að gera allt kolvitlaust. Í skýrslunni greinir að við komu lögreglu hafi ákærði verið æstur, A hafi virst allsgáð en erfiðlega hafi gengið að fá upplýsingar hjá henni og lítið hafi verið hægt að ræða við C. Fram kemur að deilur hafi komið upp varðandi bjórdós og ákærða hafi fundist sem honum væri ekki sýnd nægileg virðing á heimilinu. Ákærði hafi fallist á að fara með bjórinn inn í svefnherbergi, drekka hann og fara að sofa. A hafi aftur hringt í lögreglu kl. 5:35. Þegar lögregla kom á staðinn greindi hún frá því að ákærði hefði ráðist á sig með hótunum og ofbeldi. Hann hefði byrjað strax aftur með læti eftir að lögreglan hefði farið í fyrra skiptið. Hann hefði svo verið með hótanir og heimitað að hún uppfyllti „eiginkonuskyldur sínar“ en hann hefði gefið í skyn að ef hún yrði ekki við því myndi hann svala þörfum sínum á C. A hafi sýnt lögreglu rispur á baki og sagt að ákærði hefði klórað hana og slegið í bakið. Hún

hafi þó lítið viljað gera í málinu og taldi lögregla að hún væri að mörgu leyti óljós um hvað hefði gerst. Henni hafi verið boðið að fara á slysadeild í Fossvogi, en hún hafi þverneitað og sagt að það væri engin ástæða til þess. Hún kvaðst ekki vera búin að ákveða hvort hún vildi kæra, en kvaðst óttast um öryggi sitt og dóttur sinnar með ákærða á heimilinu. Ákærði sat ber að ofan í rúmi sínu og var að tala í símann og vildi ekki ræða við lögreglu. Lögregla taldi hann æstan og ósamvinnuþýðan og var hann því handtekinn. Þess skal getið að framangreind skýrsla lögreglu er óundirrituð og hefur ekki verið staðfest fyrir dómnum. Þá liggur jafnframt frammi dagbókarfærsla lögreglu frá 20. september 2014. Þar kemur fram að A hafi verið grátandi þegar hún hafi hringt í lögreglu kl. 5:35. Klukkan 13:10 er bókað að rætt hafi verið við A í síma. Hún hafi verið staðráðin í að kæra ákærða á mánudeginum og hún hafi látið í það skína að ákærði hefði þvingað hana til samfara, en lýsingar hennar hafi verið óljósar. Engin átök hefðu átt sér stað á milli þeirra en hún væri orðin langþreytt á öläði ákærða. Henni hafi verið bent á að leita til slysadeildar þar sem það væri afar nauðsynlegt ef hún ætlaði að fylgja málinu eftir með kæru. Hún hafi þvertekið fyrir það og sagst vera nýstigin upp úr flensu og hefði engan tíma til að standa í slíku, auk þess sem hún væri ekki með neina áverka.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa haft samfarir við A þessa nótt en kvað það hafa verið með samþykki hennar og að hennar frumkvæði. Hún hafi svo fyrirvaralaust farið fram og hringt á lögreglu. A lýsir því hins vegar að ákærði hafi krafist kynlífs og hótad því að taka C dóttur hennar ef hún ekki gegndi. Hún hafi ákveðið að gegna honum til að halda friðinn. Hún hafi setið ofan á ákærða og hann hafi slegið hana, rassskellt og meitt. Þetta hafi staðið yfir í um eina og hálfu klukkustund. C, dóttir A, var á heimilinu umrædda nótt. Hún hefur greint frá því að hafa heyrt heyrt móður sína segja ákærða að fara af sér og hann hafi haldið henni niðri.

Í málinu liggja ekki frammi frekari gögn um framangreindan atburð, en svo virðist sem ekki hafi verið tekin skýrsla af ákærða þrátt fyrir handtöku hans um nóttina. Þá liggja ekki frammi nein læknisfræðileg gögn vegna málsins. Eina vitnið að atburðinum hefur lýst honum með talsvert öðrum hætti en A. Þá verður að líta til þess að A tilkynnti ekki að hún hefði orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi eða lagði fram kæru. Þykir vitnisburður A af þessum sökum ekki fá nægjanlega stoð í gögnum málsins til þess að hann nægi til sakfellingar gegn eindreginn neitun ákærða, sbr. 108. gr., sbr. 1. og 2. mgr. 109. gr., laga nr. 88/2008, og verður ákærði því sýknaður af sakargiftum í öðrum lið ákærunnar.

Ákærða er gefið að sök að hafa þann 6. mars sl. hótáð að taka A með valdi og hafa mök við hana í endaþarm í kjölfar þess að hún hafi neitað honum um kynlíf. Aðfaranótt 6. mars sendi ákærði smáskilaboð til B og liggur fyrir að það var til umræðu þennan dag og samskiptunum lyktaði með því að A kallaði til lögreglu sem handtók ákærða og færði hann af heimilinu. Ákærði neitar sök en greindi frá því að þau hjónin hefðu notað slíkan talsmáta við hvort annað. Það sé því hugsanlegt að hann hafi sagt slíkt við hana án þess að nein merking væri á bak við það. A kvaðst hins vegar ekki hafa verið í vafa um að ákærða væri alvara. Hann hafi hótáð endaþarmsmökum og sagt: „Ég vil bara fá það núna inn í herbergi helst í rassinn á þér.“ Nánar spurð um orðalag hans kvað hún hann hafa sagt að hann væri húsbóndinn og hún skyldi gegna þar sem hún væri kona. Dætur A, C og B, voru á heimilinu umrætt sinn. C greindi frá því að hún myndi ekki eftir orðaskiptum áður en móðir hennar hafi hringt á lögreglu þennan dag. B mundi eftir deilum milli móður hennar og ákærða. Hún taldi ákærða hafa ætlað að leggja hendur á móður hennar og hann hefði hótáð henni, m.a. því að hrinda henni. Hún kvaðst hins vegar ekki hafa heyrt hótanir af kynferðislegum toga. Samkvæmt framgreindu stendur orð gegn orði um hvað ákærði sagði umrætt sinn. Að því virtu er ósannað gegn neitun ákærða að atvik hafi verið með þeim hætti sem greinir í þessum lið ákærunnar. Verður ákærði því sýknaður.

Ákæruliður 4

Ákærði kvaðst ekkert vita um símtöl og smáskilaboð til A á tímabilinu frá 7. til 22. mars sl. en hann sætti nálgunarbanni gagnvart henni á þeim tíma og var óheimilt að setja sig í samband við hana. Hann taldi að hver sem er gæti hafa notað símana hans. Þá vísaði hann til þess að A hefði stöðugt haft samband við hann. A greindi frá því að ákærði hefði hringt í sig og sent smáskilaboð á þessu tímabili. Hún viðurkenndi að hafa sjálf haft samband við hann, en hún hefði gert það í því skyni að reyna að halda friðinn auk þess sem hún hafi íhugað hvort hún ætti að fyrirgefa honum. Vitnið E, sem ákærði dvaldi hjá á þessum tíma, lýsti því að ákærði hefði verið mikið í símanum að hringja og senda smáskilaboð. Hún lýsti því að hann hefði alltaf haft símana hjá sér, en hann hafi verið með tvo síma. Þá hafi A sjálf hringt mikið þangað.

Eins og greint hefur verið frá liggja fyrir ítarleg gögn um símnottkun ákærða á þessu tímabili. Samkvæmt þeim eru 566 skráðar hringingar frá síma ákærða [...] í heimasíma A á þessu tímabili. Til þess er þó að líta að gerður hefur verið fyrirvari við fjölda símtala, eins og greint hefur verið frá, og er því hugsanlegt að símtölin séu eitthvað færri. Þá er þar að finna 18 smáskilaboð úr sama símanúmeri til A. Ákærði er skráður fyrir framangreindu símanúmeri. Hann hefur staðfest að hafa

haft þetta númer en borið því við að síma hans með þessu númeri hafi verið stolið í byrjun mars. Af smáskilaboðum þeim sem send voru úr framangreindu númeri á tímabilinu er hins vegar ljóst að það er kunnugur aðili sem sendir þau. Engin tilkynning liggur fyrir frá ákærða um þjófnað á símanum. Þá liggja fyrir upplýsingar um að framangreind símanúmer hafi tengst sendum í nágrenni við dvalarstað ákærða. Samkvæmt þessu er sannað að ákærði hafi gerst sekur um framangreint brot á nálgunarbanni og hefur hann með þessari háttsemi gerst sekur um brot gegn 232. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Engu varðar þótt A hafi sjálf sett sig í samband við ákærða á þessum tíma.

Ákæruliður 5

Samkvæmt þessum lið ákærunnar eru ákærða gefnar að sök stórfelldar ærumeiðingar með því að hafa smánað og móðgað A með háttsemi þeirri sem lýst er í 1. til 3. lið ákærunnar. Þar sem ákærði hefur verið sýknaður af þeirri háttsemi sem honum er gefin að sök í þeim liðum verður hann jafnframt sýknaður í þessum ákærulið.

Ákæruliður 6

Í þessum lið ákærunnar er ákærða gefin að sök kynferðisleg áreitni gegn stjúpdóttur sinni, B, með því að hafa ítrekað á árunum 2012 til 2014 sent henni smáskilaboð með kynferðislegu og klámfengnu orðbragði. Ákærði hefur neitað því að hafa sent B smáskilaboð á þessum árum. B greindi frá því að ákærði hefði farið að áreita hana með smáskilaboðum á árinu 2012 og tengir hún upphaf þess við að hún hafi verið barnshafandi á þeim tíma. Hún hafi þekkt númer ákærða. Móðir hennar og systir hafa staðfest að hafa heyrt af þessu frá B. Vitnið F greindi frá því að hafa farið með B til lögreglu vegna skilaboða sem hún hafi fengið frá ákærða árið 2013 eða 2014. Þá hafa vitnin I og J, vinkonur B, borið að hafa séð smáskilaboð með kynferðislegu efni og kvaðst I hafa farið með B til lögreglu vegna þeirra.

Í gögnum málsins er að finna upplýsingar frá lögreglu um komur B á lögreglustöð vegna skilaboða frá ákærða. Í dagbókarfærslu frá 11. nóvember 2013 kemur fram að B hafi komið á lögreglustöð vegna fjögurra ógeðfelldra smáskilaboða sem hafi fjallað um móður hennar og ákærða. Þau hafi verið nafnlaus og komið í gegnum Vodafone.is. Hún greindi frá því að hafa áður fengið ógeðfelld skilaboð frá ákærða og taldi því ekki ósennilegt að skilaboðin væru frá honum. B mætti á ný til lögreglu þremur dögum síðar vegna skilaboðanna. Lögregla rakti IP-tölu tölvu sem sent hafði skilaboðin til netfangsins [...]. Rætt var við ákærða sem neitaði því að hafa sent skilaboðin og kvaðst hafa verið í sumarþústað á þeim tíma

sem um ræddi. B lagði ekki fram formlega kæru. Við rannsókn á framangreindu netfangi hefur komið í ljós að ákærði hefur það ennþá til ráðstöfunar. Þann 1. september 2012 greinir í dagbók lögreglu að B hafi komið á lögreglustöð ásamt I vinkonu sinni til að tilkynna um ósiðleg smáskilaboð frá ákærða. Skilaboðin voru send úr númerinu [...] sem ákærði er skráður fyrir og hefur greint frá að hann noti. Bókað var að skilaboðin væru eftirfarandi: „Þú sefur bara hjá manni mömmu þinnar ef þú getur ekki borgað leiguna.“ Þess er jafnframt getið í dagbók lögreglu 18. október 2015 að B hafi sagt lögreglu að ákærði hafi áreitt hana kynferðislega með óviðeigandi skilaboðum.

Með hliðsjón af öllu framangreindu er sannað að ákærði hafi á framangreindu árabili oftast en einu sinni sent B smáskilaboð með kynferðislegu og klámfengnu orðbragði og verður hann því sakfelldur fyrir kynferðislega áreitni, en brot hans varðar við 199. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæruliður 7

Í 7. lið ákærunnar er ákærða gefin að sök kynferðisleg áreitni og hótanir, með því að hafa á tímabilinu 6. mars til 21. maí 2016 sent B 59 smáskilaboð þar sem hann viðhafði kynferðislegt og klámfengið orðbragð auk þess sem 28 af smáskilaboðunum innihéldu jafnframt hótanir um kynferðisbrot sem voru til þess fallnar að vekja hjá B ótta um líf, heilbrigði og velferð sína. Ákærði hefur neitað sök samkvæmt þessum ákærulið og kvaðst engar skýringar geta gefið á þessum skilaboðum. Í málinu liggja, eins og áður greinir, fyrir ítarleg rannsóknargögn vegna síma ákærða. Fyrir liggur listi með öllum þeim skilaboðum sem hér um ræðir. Skilaboðin voru send úr símanúmerunum [...], [...] og [...]. Framangreind símanúmer hafa öll verið rakin til ákærða, en hér að framan hefur verið fjallað um símanúmerin [...] og [...]. Símkort með númerinu [...] fannst á ákærða við handtöku hans 1. júní sl. Hann hefur sjálfur engar skýringar getað gefið á því. Þykir sýnt fram á að skilaboðin hafi komið frá ákærða enda liggur engin önnur sennileg skýring fyrir. Þá má sjá á skilaboðunum svipað orðalag og stafsetningu þótt flest skilaboðin úr símanúmerinu [...] séu á ensku. Meðal þessara skilaboða eru skilaboðin sem ákærði sendi B 6. mars sl. þar sem segir: „Geturu komid inn i herbergi til min og sofid hjá mer og tha færdu sefnfrid allan morgundagin.“ Skýringar ákærða um að hann hafi ætlað að senda þessi skilaboð til A en ekki B þykja ekki trúverðugar, bæði í því ljósi að orðalag þeirra bendir frekar til þess að þau hafi verið ætluð B og saga ákærða um sendingu þeirra og annarra skilaboða í kjölfarið þykir ekki standast skoðun. Fallist verður á það mat ákæruvaldsins að skilaboðin feli í sér kynferðislegt og klámfengið orðbragð og að í 28 þeirri felist jafnframt hótanir en ekki þykir ástæða til að rekja þau frekar. Smáskilaboðin voru til þess fallin að vekja hjá B ótta

um líf, heilbrigði og velferð sína og verður ákærði því sakfelldur fyrir brot gegn 199. og 233. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæruliður 8

Í þessum ákærulið er um að ræða 94 smáskilaboð með hótunum um líkamsmeiðingar, líflát og eignarspjöll. Ákærði neitar sök. Skilaboðin voru send úr sömu símanúmerum og greinir í 7. ákærulið auk símanúmersins [...]. Ákærði er skráður fyrir því símanúmeri, en hann neitar því að bera ábyrgð á skilaboðum úr því númeri á þeim dögum sem um ræðir enda hafi hann lánað símann öðrum manni. Hann hafi hins vegar verið með símkort með þessu númeri þar sem hann hafi kallað eftir því að fá það aftur eftir kvartanir undan dónalegum sendingum frá þeim manni. Þá hafi hann fengið símann lánaðan frá mannum og hringt sjálfur nokkur símtöl úr númerinu á þeim dögum sem síminn hafi verið í láni. Fyrir liggur að lögregla leitaði ítarlega að manni sem gæti átt við lýsingu ákærða. Enginn slíkur maður fannst. Þykja skýringar ákærða varðandi notkun á þessu símanúmeri ótrúverðugar og telur dómurinn sannað að sendingar úr því símanúmeri verði raktar til ákærða. Þá má jafnframt benda á að framsetning skilaboða úr því númeri er með svipuðum hætti og skilaboð úr öðrum símanúmerum á vegum ákærða. Fallist verður á að skilaboðin innihaldi hótanir um líkamsmeiðingar, líflát og eignarspjöll og eru þau til þess fallin að vekja hjá B ótta um líf, heilbrigði og velferð sína og annarra. Verður ákærði því fundinn sekur um hótanir samkvæmt þessum ákærulið og á brot hans undir 233. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæruliður 9

Ákærða er gefið að sök að hafa brotið gegn nálgunarbanni gagnvart B, með því að hafa á tímabilinu 7. mars til 1. júní 2016 sent henni 425 smáskilaboð og hringt allt að 330 sinnum í hana, þrátt fyrir að honum væri bannað að setja sig í samband við hana. Rétt er að hafa í huga fyrirvara þann sem áður hefur verið greint frá varðandi fjölda símtala og smáskilaboða. Ákærði neitar sök. Í málinu liggja fyrir ítarleg gögn um framangreinda símnotkun ákærða. Símtöl til B komu úr símanúmerunum [...], [...] og [...] sem fjallað hefur verið um hér að framan. Smáskilaboðin komu úr sömu símanúmerum, auk númeranna [...] sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan, og [...]. Síðast talda símanúmerið er óskráð frelsisnúmer en rannsókn leiddi í ljós að það númer var notað í sama síma og númerið [...]. Ákærði hefur borið því við að hafa lánað þann síma manni sem hafi unnið við dyravörslu. Rannsókn hefur ekki leitt í ljós neinn mann sem um geti verið að ræða. Þykja skýringar ákærða því ekki trúverðugar. Þá liggja fyrir upplýsingar um að framangreind símanúmer hafi tengst sendum í nágrenni við dvalarstað

ákærða. Þykir af framangreindum sökum sannað að ákærði hafi gerst sekur um framangreind brot á nálgunarbanni og hefur hann með þessari háttsemi gerst sekur um brot gegn 232. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæruliðir 10 og 15

Í framangreindum tveimur ákæruliðum er ákærða gefið að sök að hafa brotið gegn nálgunarbanni, annars vegar gagnvart B og hins vegar gagnvart C, þriðjudaginn 31. maí sl. með því að hafa farið inn í anddyrið á stigaganginum að [...] þrátt fyrir að honum væri bannað að koma á eða í námunda við heimilið á svæði sem afmarkast við 50 metra radíus umhverfis það, mælt frá miðju hússins. Í skýrslu lögreglu frá þessum degi greinir að A hafi óskað aðstoðar vegna ákærða. Er lögregla kom á staðinn sat ákærði í bifreið við vesturgöfl hússins. Ákærði kvaðst ekki vera að brjóta nálgunarbannið en hann væri utan þess svæðis sem það nærði til og væri að sækja vinkonu sína, E, sem kom gangandi stuttu síðar. A greindi lögreglu frá því að ákærði hefði komið inn í húsið ásamt E og hefði reynt að komast inn til sín. E sagði lögreglu að ákærði hefði sótt sig í leikfimi og þá greint sér frá því að A hefði boðið þeim í kaffi. Þegar þau hafi komið, ásamt F, hafi allt orðið vitlaust. Ákærði hafi farið en komið aftur til að sækja hana og þá hafi A hringt á lögreglu.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa farið inn í anddyri hússins. Hann hefur hins vegar borið því við að A hafi boðið sér að koma, en á þessum tíma hafi hann ekki lengur verið í nálgunarbanni gagnvart henni. Þá hafi hún tekið það fram að C og B væru ekki heima. Hann hafi farið út um leið og hann hafi séð C og sér hafi verið skipað að fara. A viðurkenndi fyrir dóminum að hún hefði boðið ákærða í kaffi ásamt E og F og sagt að dætur hennar væru ekki heima. Hún kvaðst hafa notað „hvíta lygi“. Hún hafi ekki verið viss um hvort hún ætti að ræða við hann eða hella sér yfir hann. Þegar hann hafi komið hafi hún gargað á hann en henni hafi fundist kominn tími til að lögreglan gerði eitthvað í málinu. Vítin E og F hafa staðfest að A hafi boðið ákærða að koma og sagt að dætur hennar væru ekki heima, en henni hafi síðan snúist hugur. Ákærvaldið hefur lýst því yfir að vegna mikilla samskipta A við ákærða hafi nálgunarbann gagnvart henni ekki lengur verið í gildi heldur einungis gagnvart dætrum hennar. Með hliðsjón af framangreindum framburði verður að líta svo á að ákærði hafi talið að hann gæti farið til A án þess að nálgast þær C og B. Þá virðist hann ekki fyllilega hafa gert sér grein fyrir þýðingu nálgunarbannsins eftir niðurfellingu þess að hluta. Verður því ekki fullyrt að það hafi verið ásetningur hans að brjóta gegn nálgunarbanninu með framangreindri háttsemi og verður hann því sýknaður af þessum liðum ákærunnar.

Ákæruliður 11

Í 11. lið ákærunnar er ákærða gefið að sök að hafa með þeim brotum sem greinir í 6. til 8. lið ákærunnar, auk sendinga 48 annarra smáskilaboða, gerst sekur um stórfelldar ærumeiðingar gagnvart B. Ákærði hefur verið fundinn sekur um brot þau sem í framangreindum ákæruliðum greinir. Þá liggur fyrir yfirlit yfir 48 önnur skilaboð sem send voru úr sömu símanúmerum og ákærði verður, með vísan til rökstuðnings fyrir sakfellingu í framangreindum liðum, jafnframt talinn hafa sent B. Þykir ákærði með framangreindum smáskilaboðum hafa móðgað og smánað B og hafa gerst sekur um stórfelldar ærumeiðingar, sbr. 233. gr. b almennra hegningarlaga.

Ákæruliður 12

Í þessum lið ákærunnar er ákærða gefin að sök kynferðisleg áreitni og hótanir, með því að hafa á tímabilinu 29. mars til 21. maí 2016 sent C 17 smáskilaboð þar sem hann viðhafði kynferðislegt og klámfengið orðbragð auk þess sem 14 af skilaboðunum innihéldu jafnframt hótanir um kynferðisbrot sem voru til þess fallnar að vekja hjá B ótta um líf, heilbrigði og velferð sína. Ákærði hefur neitað sök samkvæmt þessum ákærulið en ekki getað gefið neinar skýringar á þessum skilaboðum. Framangreind skilaboð voru send úr símanúmerunum [...] og [...]. Með hliðsjón af rannsóknargögnum og framangreindum rökstuðningi vegna fyrri ákæruliða er sannað að ákærði hafi sent umrædd skilaboð. Skilaboðin fólu í sér kynferðislegt og klámfengið orðbragð og í 14 þeirra fólust jafnframt hótanir. Skilaboðin voru til þess fallin að vekja hjá C ótta um líf, heilbrigði og velferð sína og verður ákærði því sakfelldur fyrir brot gegn 199. og 233. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæruliður 13

Í þessum ákærulið er um að ræða 74 smáskilaboð á tímabilinu 11. apríl til 1. júní sl. með hótunum um líkamsmeiðingar, líflát og eignarspjöll. Ákærði neitar sök. Framangreind skilaboð voru send til C úr símanúmerunum [...], [...], [...] og [...] sem hafa hér að framan öll verið rakin til ákærða. Með vísan til gagna málsins og fyrri rökstuðnings verður ákærði talinn bera ábyrgð á framangreindum smáskilaboðum sem innihalda hótanir um líkamsmeiðingar, líflát og eignarspjöll og eru þau til þess fallin að vekja hjá C ótta um líf, heilbrigði og velferð sína og annarra. Verður ákærði því fundinn sekur um hótanir samkvæmt þessum ákærulið og á brot hans undir 233. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæruliður 14

Ákærða er gefið að sök að hafa brotið gegn nálgunarbanni gagnvart C, með því að hafa á tímabilinu 7. mars til 1. júní 2016 sent henni 184 smáskilaboð og hringt allt að 107 sinnum í hana, þrátt fyrir að honum væri bannað að setja sig í samband við hana. Verður hafður í huga fyrirvarinn um fjölda símtala og smáskilaboða. Þá virðist sem smáskilaboðin hafi ekki verið fleiri en 183, en ein skilaboðin sem tilgreind eru í gögnum málsins komu frá móður C. Ákærði neitar sök. Samkvæmt gögnum málsins komu framangreind símtöl til C úr símanúmerunum [...], [...] og [...]. Þá komu smáskilaboðin úr sömu símanúmerum, auk númeranna [...] og [...]. Hér að framan hafa öll þessi símanúmer verið rakin til ákærða. Er því sannað að ákærði hafi gerst sekur um framangreind brot á nálgunarbanni og hefur hann með þessari háttsemi gerst sekur um brot gegn 232. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæruliður 16

Í 16. lið ákærunnar er ákærða gefið að sök að hafa með þeim brotum sem greinir í 12. og 13. lið ákærunnar, auk sendinga 34 annarra smáskilaboða, gerst sekur um stórfelldar ærumeiðingar gagnvart C. Ákærði hefur verið fundinn sekur um brot þau sem í framangreindum ákæruliðum greinir. Þá liggur fyrir yfirlit yfir 34 önnur skilaboð sem send voru úr sömu símanúmerum og ákærði verður, með vísan til framangreinds rökstuðnings, jafnframt talinn hafa sent C. Þykir ákærði með framangreindum smáskilaboðum hafa móðgað og smánað C og hafa gerst sekur um stórfelldar ærumeiðingar, sbr. 233. gr. b almennra hegningarlaga.

Refsing, einkaréttarkröfur og sakarkostnaður

Ákærði er fæddur árið [...]. Hann hefur ekki áður gerst sekur um refsivert brot. Brot þau sem ákærði hefur verið sakfelldur fyrir eru alvarleg. Um mörg tilvik er að ræða og verður að líta til þess að þau beindust gegn eiginkonu hans og tveimur stjúpdætrum. Þá voru skilaboð þau sem ákærði sendi ógeðfelld og ljóst að hann nýtti sér veikleika stjúpdætra sinni á ófyrirleitinn hátt. Við ákvörðun refsingar verður litið til 1., 2., 6. og 7. töluliðar 1. mgr. og 3. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Með vísan til 77. gr. sömu laga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði. Skilorðsbinding kemur ekki til álita. Gæsluvarðhald ákærða frá 2. júní 2016 kemur til frádráttar refsingu.

Réttargæslumenn brotþola hafa krafist miskabóta úr hendi ákærða. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir brot gegn þeim öllum og eiga þær rétt á miskabótum úr hendi hans á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Í málinu liggja ekki fyrir miklar upplýsingar um afleiðingar brotanna á brotþola. Þær hafa þó lýst áhrifum þeirra á sig og heimilislæknir, stuðningsfulltrúi og þroskaþjálfari hafa

lýst kvíða og líkamlegum einkennum. Með hliðsjón af framangreindu og þeim brotum sem ákærði hefur verið sakfelldur fyrir þykja bætur til A hæfilega ákveðnar 200.000 krónur, bætur til B 1.000.000 króna og bætur til C 700.000 krónur, allt ásamt vöxtum svo sem nánar greinir í dómsorði.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns Bjarna Kristjánssonar héraðsdómslögmanns, þykja hæfilega ákveðin 5.053.620 krónur, og þóknun réttargæslumanns brotaþola, Arnars Kormáks Friðrikssonar héraðsdómslögmanns, 1.759.560 krónur. Ákærði greiði 1/3 hluta málsvarnarlauna verjanda síns og þóknun réttargæslumannsins, en 2/3 hlutar greiðist úr ríkissjóði. Ákærði greiði þóknun réttargæslumanns, Ómars Arnar Bjarnþórssonar héraðsdómslögmanns, 1.841.400 krónur. Við ákvörðun þóknunar lögmannna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts og vinnu á rannsóknarstigi málsins.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari.

Dóminn kveða upp héraðsdómarnir Barbara Björnsdóttir, Guðjón St. Marteinson og Lárentínus Kristjánsson.

D Ó M S O R Ð :

Ákærði, X, sæti fangelsi í 15 mánuði. Gæsluvarðhald ákærða frá 2. júní 2016 kemur til frádráttar refsingu.

Ákærði greiði A 200.000 krónur, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 22. mars til 27. maí 2016, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði B 1.000.000 króna, auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 27. maí 2016 til greiðsludags.

Ákærði greiði C 700.000 krónur, auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 27. maí 2016 til greiðsludags.

Ákærði greiði 1/3 hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Jóns Bjarna Kristjánssonar héraðsdómslögmanns, 5.053.620 krónur, og þóknunar réttargæslumanns brotaþola, Arnars Kormáks Friðrikssonar héraðsdómslögmanns, 1.759.560 krónur, en 2/3 hlutar greiðist úr ríkissjóði. Ákærði greiði þóknun réttargæslumanns brotaþola, Ómars Arnar Bjarnþórssonar héraðsdómslögmanns, 1.841.400 krónur.

Barbara Björnsdóttir

Guðjón St. Marteinsson
Lárentsínus Kristjánsson